

Nr. 5.
14. júní

Lög

um

bráðabirgðaútlutningsgjald.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi; Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Meðan Norðurálfuófríðurinn stendur og ráðuneyti Íslands fer með verslun innlendra vörutegunda, fleiri eða færri, eða sjer um útlutning þeirra, er því heimilt að leggja með reglugjörð eða reglugjörðum útlutningsgjald, auk lögboðinna útlutningsgjalda, á vörutegundir þessar, eftir því sem nauðsynlegt er, til þess að landssjóður bíði ekki skaða af afskiftum sínum af þeim. Gjaldi þessu skal hagað þannig, að ekki komi á neina vörutegund herra gjald en sem svarar til þeirrar fjárhæðar, sem landssjóður verður að leggja fram vegna verslunar með eða umsjónar á þeirri tegund.

Vörurnar, andvirði þeirra og váttryggingarupphæð, er að veði fyrir gjaldinu. Í reglugjörð má kveða á um tilhögun og innheimtu gjaldsins, hver skuli greiða það, sektir fyrir brot á henni og meðferð mála út af slíkum brotum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalfuborg, 14. júní 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Eggerz.